Norconsult ehf. leitar að verkfræðingi í stjórnkerfum

Ef þú hefur reynslu eða þekkingu á einhverju af eftirfarandi þá höfum við áhuga að heyra frá þér.

- Iðntölvum, PLC
- Skjákerfum, SCADA og HMI
- Gagnagrunnum og forritun, SQL, .NET og Python

Norconsult ehf. er með starfstöðvar í Hlíðarsmára 4, Kópavogi. Verkfræðistofan er í eigu norska ráðgjafafyrirtækisins Norconsult AS og vinnur að úrlausn spennandi verkefna bæði hér heima og erlendis.

Fyrirtækið er alfarið í eigu starfsmanna sinna.

Í boði eru fjölbreytt og áhugaverð verkefni sem spanna allt frá hönnun mannvirkja til hugbúnaðarþróunar. Viðskiptavinir okkar eru meðal annars álver, flutningsfyrirtæki, dreifiveitur og vindorkuframleiðendur. Norconsult AS er með starfstöðvar víða um heim, frá Kirkenes í Norður-Noregi til Auckland á Nýja Sjálandi. Norconsult á Íslandi er lítil eining í vexti þar sem starfsmenn vinna saman í sterkri liðsheild og því er þetta einstakt tækifæri fyrir rétta aðila til að starfa hjá fyrirtæki á alþjóðlegum vettvangi. Við leitum að öflugum verkfræðingum sem eru fljótir að tileinka sér nýja þekkingu.

Umsóknir sendist á: birna.eggertsdottir@norconsult.com fyrir 15. september.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar um starfið veitir: Ketill Heiðar Guðmundsson, ketill.gudmundsson@norconsult.com

Norconsult 



Málmiðnaðar- maður

Héðinn hf óskar eftir að ráða
málmiðnaðarmann í fullt starf.

Þarf að búa yfir reynslu af smíði
úr ryðfríu og/eða svörtu stáli.
Kunnátta í íslensku eða ensku er skilyrði.

Héðinn er framsækið fyrirtæki
í nýsköpun og þjónustu.

Um er að ræða krefjandi starf á skemmtilegum
vinnustað þar sem verkefni eru fjölbreytt
við nýsmíði og viðhald.

Vinsamlega sendið umsóknir til Héðins
á netfangið jont@hedinn.is

HÉDINN

Gjáhella 4 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100 • hedinn.com



Embætti dómara við Hæstarétt Íslands laust til umsóknar

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti dómara við Hæstarétt Íslands. Stefnt er að því að skipa í embættið hið fyrsta eftir að dómnafnd um hæfni umsækjenda um dómaraembætti hefur lokið störfum. Um launakjör fer samkvæmt lögum um dómstóla nr. 50/2016, sbr. lög nr. 79/2019.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 13. gr. laga nr. 50/2016. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 620/2010, um störf dómnafndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um: 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnarsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum auka-störfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning laga-setningar o.fl., 8) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 9) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum, 10) upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem geta veitt dómnafnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geta ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf hæstaréttardómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlegum fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefn fræðirit og ljósrít af tímaritsgreinum umsækjenda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem hæstaréttardómari.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en **23. september nk.** Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu á minnislykli eða með rafrænum hætti á netfangið starf@dmr.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Dómsmálaráðuneytinu,
6. september 2019.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið



VÍNLANDSSETRIÐ
LEIFSBÚÐ
BÚÐARDAL

Langar þig að kljást við spennandi tækifæri í Dölnum?

Dalabyggð óskar eftir aðila til að sjá um rekstur Vínlandsseturs í Búðardal. Mikilvægt er að viðkomandi hafi reynslu af rekstri, þekkingu á markaðsmálum, hafi gaman að mannlegum samskiptum og sé áhugasamur um þjónustu við ferðamenn. Ekki spillir að hafa þekkingu á sögunni og áhuga á því að miðla henni á lifandi og skapandi hátt. Æskilegt er að viðkomandi hafi menntun og/eða reynslu af rekstri ferðaþjónustufyrirtækis/veitingahúss. Búseta í Dalabyggð er kostur.

Vínlandssetur skal vera opið árið um kring, í takti við umfang ferðaþjónustu á hverri árstíð. Setrið verður staðsett í uppgerðu glæsilegu pakkhúsi í hjarta Búðardals, rétt við höfnina. Húsið er á tveimur hæðum og um 350 fm að flatarmáli.

Í Vínlandssetri verður sett upp stórglæsileg sýning á sögu landafunda Íslendinga, af fundi Grænlands og Ameríku. Sýningin byggir á verkum landsþekktara myndlistarmanna og hönnun og hugmyndasmíð Kjartans Ragnarssonar og Sigríðar Margrétar Guðmundsdóttur, sem eru hugmynda-smíðir sýninganna í Landnámssetrinu í Borgarnesi.

Samhliða sýningunni er möguleiki að hafa gott en einfalt veitingahús á neðri hæð hússins og styður það mjög við rekstur sýningarinnar sem verður á efri hæðinni.

Gert er ráð fyrir að samið verði um reksturinn til langs tíma, enda áætlað að rekstraraðili komi að lokaútfærslu á samspili veitingarekstrar og sýningarhalds og fjárfesti nokkuð í verkefninu.

Þeir sem áhuga hafa eru beðnir að senda inn umsóknir eigi síðar en **30. september næstkomandi á netfangið dalir@dalir.is**. Gögn vegna umsókna er að finna á heimasíðu Dalabyggðar dalir.is.

Nánari upplýsingar veita Kristján Sturluson sveitarstjóri, netfang sveitarstjori@dalir.is og Ólafur Sveinsson atvinnuráðgjafi hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Netfang oliv@ssv.is

AQ-rat

Byggingaverktakar
Begar fagmennska skiptir þig máli

Múrari óskast til starfa

AQ-rat ehf byggingaverktakar leggja áherslu á að veita fyrirtækjum, húsfélögum og einstaklingum faglega og góða þjónustu, allt frá nýsmíði til viðhalds og endurbóta. Vegna aukinna verkefna leitum við af öflugum smiðum til að slást í hópinn með okkur og takast á við krefjandi verkefni.

Hæfniskröfur:

- Iðnmenntun í múrsmíði
- Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum skilyrði
- Metnað til að skila af sér vel unnu verki

Umsóknir skulu sendast ásamt ferilskrá á runar@aqrat.is merkt „Múrari“

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rúnar í síma 892 0688



Finnur þú starf við þitt hæfi hjá Kópavogsbæ?

Kynntu þér fjölbreytt og spennandi störf hjá Kópavogsbæ á vefsíðu okkar, kopavogur.is.
Hlökkum til að starfa með þér.



Kópavogsbær

kopavogur.is

Stólpi ehf.

Stólpi ehf. óskar eftir smiðum til starfa

Stólpi ehf. er traust og rótgróið fyrirtæki sem býður gott starfsumhverfi og sinnir fjölbreyttum verkefnum.

Við leitum að smiðum með reynslu sem geta unnið sjálfstætt.

Um er að ræða framtíðarstörf.

Hæfniskröfur:

- Sveinsbréf í húsmíði
- Vönduð vinnubrögð
- Kurteisi og lipurð í mannlegum samskiptum
- Ökuréttindi
- Góð íslenskukunnátta

Áhugasamir hafi vinsamlega samband með tölvupósti: hjorvar@stolpiehf.is



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201909/1579
Starfsm., eignaumsjón/þjónusta	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201909/1578
Forstöðum. rannsóknar/spádeild	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201909/1577
Sérfræðingur í geðhjúkrun	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201909/1576
Deildarstjóri slysa- og göngud.	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201909/1575
Kerfisstjóri	Rekstrarfélag Stjórnarráðsins	Reykjavík	201909/1574
Ljósmyndir	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201909/1573
Heilbrigðisgagnafr./læknaritari	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201909/1572
Gagnagrunnssérfræðingur	Tryggingastofnun	Kópavogur	201909/1571
Hjúkrunarfræðingar	Heilsugæslan Miðbæ	Reykjavík	201909/1570
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Seltj. nesi og Vesturbæ	Seltjarnarnes	201909/1569
Embætti dómara við Hæstarétt	Dómsmálaráðuneytið	Reykjavík	201909/1568
Matráður	Vegagerðin	Akureyri	201909/1567
Lögfræðingur	Vegagerðin	Reykjavík	201909/1566
Læknir/aðstoðarlæknir	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Laugarás	201909/1565
Verkefnisstjóri	Háskóli Íslands, Félagsvísindastofnun	Reykjavík	201909/1564
Bókasafns- og upplýsingafr.	Háskóli Íslands, Menntavísindasvið	Reykjavík	201909/1563
Heimilislæknir	Heilsugæslan Miðbæ	Reykjavík	201909/1562
Læknakandidatar	LSH SAK HVE Heilsugæslan	Ýmiss	201909/1561
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, hjarta/lungna/augnskurðd.	Reykjavík	201909/1560
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, dag/göngudeild augnlækn.	Reykjavík	201909/1559
Innköllunarstjóri / sérgreinaritari	Landspítali, hjarta- og skurðlækningar	Reykjavík	201909/1558
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, kvenlækningadeild	Reykjavík	201909/1557
Sérfræðingur í afbrotatölfræði	Ríkislögreglustjóri	Reykjavík	201909/1556
Heilbrigðisgagnafr./læknaritari	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201909/1555
Starfsmaður í eldhús	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Blönduós	201909/1554
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Fjarðabyggð	201909/1553
Lögfræðingur	Yfirskattanevnd	Reykjavík	201909/1552
Markaðsstjóri	Íslenski dansflokkurinn	Reykjavík	201908/1551
Aðstoðarfolk í umönnun	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201908/1550
Sjúkraliði	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201908/1549
Ræstingastjóri	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201908/1548



Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir
eru okkar besta auglýsing



FAST
Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

www.fastradningar.is

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að
leita að þér?





Proskapjálfi – sjúkraliði – félagsliði

Laus er til umsóknar 80-100% staða við umönnun á Hlein. Við leitum að aðila sem lokið hefur þroskajálfa-, sjúkraliða- eða félagsliðanámi.

Hlein er heimili sjö fatlaðra einstaklinga sem hafa fatlast af völdum sjúkdóma eða slysa. Hlein er rekið af Reykjalundi og þar er unnið á þrískiptum vöktum.

Ef þú býrð yfir notalegri nærveru og ríkri þjónustulund, getur unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði, eigum við samleið.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi þess stéttarfélags sem viðkomandi fagmenntun heyrir undir og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings stéttarfélags og Reykjalundar. Nánari upplýsingar um starfið veitir Dís Níelsdóttir forstöðuþroskajálfi í síma 585-2091 eða í gegnum netfangi dis@reykjalundur.is og Guðbjörg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri í síma 585-2143 eða í gegnum netfangið guðbjörg@reykjalundur.is

Umsóknarfrestur er til 22. september 2019.

Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni www.reykjalundur.is

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is



PÍPARAR

Vegna aukinna verkefna óskar fyrirtækið Púsund Fjalir ehf eftir Pípurum til starfa.

Starfið er fólgið í almennri kunnáttu á sviði Pípulagna, þar sem verkefni eru afar fjölbreytt og spennandi.

Fyrirtækið þjónustar tryggingarfélag, sveitarfélag, verkfræðistofur og fasteignafélag. Verkefnastaða er góð og verkefni áleitni.

Hjá fyrirtækinu starfa auk pípara, smiðir, múrarar og málarar, sem hafa í gegnum störf sín aukið sérhæfni sína á viðeigandi sviðum.

Umsækjandi þarf að vera menntaður Pípari, áhugasamur um að auka getu sína og færni á sviði endurlagna og viðhalds. Viðkomandi gengur inn í teymi samhentra iðnaðarmanna sem vinna verkefni sín af áhuga og metnaði.

Viðskiptavild fyrirtækisins og orðspor, gera starfsumhverfið þægilegt og hvetjandi. Við höfum nýlega flutt í nýjar og stærri höfuðstöðvar.

Verkferlar byggja á 20 ára reynslu á sviði framkvæmda.

Starfsmannafélag er afar virkt og góður félagsandi í hópnum.

Ferilsskrá og meðmæli vel þegin á retturmadur@gmail.com Haft verður samband við þá sem þykja hæfir í starfið. Einnig hægt að hringja í Björgvin 8977983



SMIÐIR

Vegna aukinna verkefna óskar fyrirtækið Púsund Fjalir ehf eftir Smiðum til starfa.

Starfið er fólgið í almennri kunnáttu í Húsasmiði, þar sem verkefni eru afar fjölbreytt og spennandi.

Fyrirtækið þjónustar tryggingarfélag, sveitarfélag, verkfræðistofur og fasteignafélag. Verkefnastaða er góð og verkefni áleitni.

Hjá fyrirtækinu starfa auk smiða, píparar, múrarar og málarar, sem hafa í gegnum störf sín aukið sérhæfni sína á viðeigandi sviðum.

Umsækjandi þarf að vera menntaður Húsasmiður, áhugasamur um að víkka kunnáttu sína samsetningu mannvirkja. Viðkomandi gengur inn í teymi samhentra iðnaðarmanna sem vinna verkefni sín af áhuga og metnaði.

Viðskiptavild fyrirtækisins og orðspor, gera starfsumhverfið þægilegt og hvetjandi. Við höfum nýlega flutt í nýjar og stærri höfuðstöðvar.

Verkferlar byggja á 20 ára reynslu á sviði framkvæmda.

Starfsmannafélag er afar virkt og góður félagsandi í hópnum.

Ferilsskrá og meðmæli vel þegin á retturmadur@gmail.com Haft verður samband við þá sem þykja hæfir í starfið. Einnig hægt að hringja í Björgvin 8977983

RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

Fasteignasalar og nemar

Fold fasteignasala óskar eftir sölumönnum til starfa. Áhugi á sölumennsku og mannlegum samskiptum ásamt faglegum metnaði er skilyrði. Við bjóðum upp á nútímalega, fallega vinnuaðstöðu miðsvæðis í Reykjavík og reynslumikið samstarfsfólk sem vinnur vel saman að úrlausn verkefna."

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn á vidar@fold.is



Guðmundur Tyrfingsson - GTs ehf

Grænt og góðir síðan 1969

Bifreiðastjórar óskast

Óskum eftir bílstjórum í hlutastörf og framtíðarstörf í skólaakstur og almennar hópferðir út frá Selfossi eða Reykjavík.

Hæfniskröfur:

- Rútuþróf
- Stundvísi
- Þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð
- Íslenskukunnátta skilyrði og enskukunnátta æskileg.

Umsóknir sendist á einar@gts.is

Guðmundur Tyrfingsson - GTs ehf er rótgróð ferðaþjónusta fyrirtæki sem var stofnað 1969. Við erum að leita að metnaðarfullu og hressu starfsfólki sem hefur áhuga á að vinna með okkur.

Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra

Ritari

Auglýst er laust til umsóknar starf ritara hjá Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra.

Starfið er metið sem rúmlega 50% af fullu starfi og launakjör eru skv. kjarasamningum Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Ritari hefur umsjón með skrifstofu prófastsdæmisins. Starfið er m.a. fólgið í vinnu við bókhald og meðferð fjármuna, skjalavörslu, skýrslugerð, skipulagningu funda, umsjón með heimasíðu, bréfaskrifrit, símsvörum og ýmis konar þjónustu við prófast, aðra starfsmenn prófastsdæmisins og söfnuði þess. Leitað er að einstaklingi með góða bókhalds- og tölvuþekkingu, sem unnið getur sjálfstætt og sýnt frumkvæði í starfi. Góð hæfni í mannlegum samskiptum áskilin og kunnátta í erlendum tungumálum æskileg. Óskað er eftir að umsækjandi hefji starf, eigi síðar en 1. nóvember.

Umsóknarfrestur er til **15. september n.k.** og skulu umsóknir sendar Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra, Breiðholtskirkju, Bannhakka 5, 109 Reykjavík



Starfsmaður óskast í varahlutadeild Suzuki!

Leitum að vinnusömum, jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingi í varahlutadeild Suzuki.

Hæfniskröfur:

Almennur áhugi og þekking á bílum eða reynsla sem nýtist í starfi. Um er að ræða fullt starf og óskað er eftir því að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá fyrir **20. september** á netfangið sonja@suzuki.is

Suzuki bílar • Skeifunni 17 • 108 Reykjavík • 568 5100

LÖGFRÆÐINGUR REYKJAVÍK

Vegagerðin auglýsir eftir lögfræðingi í 100% starf á starfsstöð sína í Reykjavík.



FAGMENNSKA ÖRYGGI FRAMSÝNI

Starfið felst í lögfræðilegri ráðgjöf á starfssviði stofnunarinnar. Helstu verkefni eru ráðgjöf varðandi útboð og samninga, almenningssamgöngur, upplýsingalög og persónuvernd, bótamál og önnur tilfallandi lögfræðiráðgjöf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kandidats eða meistaraþróf í lögfræði
- Marktæk reynsla af lögfræðilegri ráðgjöf
- Þekking og/eða reynsla af því að vinna með EES löggjöf
- Reynsla af starfi í opinberri stjórnslu eða þekking á lagaumhverfi hins opinbera æskileg
- Framúrskarandi samskiptafærni og rík þjónustulund
- Frumkvæði, metnaður og árangursdrifni
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri íslensku og ensku

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélag og umsóknarfrestur er til og með **23. september 2019**. Umsóknir berist Vegagerðinni, netfang starf@vegagerdin.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Stefán Erlendsson stefan.erlendsson@vegagerdin.is eða í síma 522 1000.

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur um hæfi til að gegna umræddu starfi.

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.



Aðstoðarleikskólastjóri óskast í Marbakka

Leikskólinn Marbakki er fimm deilda leikskóli með rými fyrir 98 börn. Leikskólinn tók til starfa árið 1986 og er hann staðsettur í Sæbólshverfi í Kópavogi. Leikskólafélagið er í anda hugmyndafræði Reggio Emilia. Einkunnarorð skólans eru sjálfstæð, glöð og skapandi börn.

Nánari upplýsingar um leikskólann er að finna á heimasíðu hans: <http://marbakki.kopavogur.is>

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun
- Reynsla af starfi í leikskóla
- Reynsla af stjórnun
- Forystuhæfileikar og góð færni í mannlegum samskiptum
- Fagleg forysta, sýn og vilji til nýbreytni og þróunar í leikskólastarfi
- Frumkvæði, lausnamiðuð hugsun og metnaður til að ná árangri í starfi
- Reynsla og þekking af starfi í anda hugmyndafræði Reggio Emilia æskileg
- Gott vald á íslensku tungu
- Góð tölvukunnátta

Ráðningartími og starfshlutfall

- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi.
- Um er að ræða 100% starf til frambúðar.

Fekari upplýsingar

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FSL.

Unnið er samkvæmt starfslýsingu Félags stjórnenda í leikskóla. Starfslýsingu má finna á <http://ki.is>

Þeir sem ráðnir eru til starfa í leikskólum Kópavogs þurfa að undirrita heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Umsóknarfrestur er til og með **22. september 2019**.

Nánari upplýsingar veita Heiðbjört Gunnólfsdóttir, leikskólafélagi s. 6983941 og Sigurlaug Bjarnadóttir (sigurlaugb@kopavogur.is) deildarstjóri leikskóladeildar, s. 441-2855.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.



Kópavogsbær

kopavogur.is

Ritarar, gjaldkerar, þjónustufulltrúar

hagvangur.is

HAGVANGUR

Nýtt fólk

Kim sölustjóri Völku á Norðurlöndum

Norðmaðurinn Kim André Gabrielsen hefur verið ráðinn sem sölustjóri Völku fyrir Norðurlöndin. Valka, sem starfar á alþjóðamarkaði, sérhæfir sig í hátæknilausnum í sjávarútvegi og hefur meðal annars þróað vatns-skurðarvélur. Kim hefur viðtæka reynslu úr norskum sjávarútvegi og starfaði hann síðast sem framkvæmdastjóri rekstrarsviðs hjá Norwegian Fish Company. Hann var áður tæknistjóri norska sjávarútvegsfyrirtækisins Lerøy Norway Seafoods og þá starfaði hann einnig sem framkvæmdastjóri í hvítfiskframleiðslu í Noregi.



Auður fjármálastjóri ORF Líftækni

Auður Árnadóttir hefur verið ráðin sem fjármálastjóri ORF Líftækni. Hún hefur starfað sem fjármálastjóri í yfir sextán ár, bæði á Íslandi og í Bretlandi, og hefur viðtæka reynslu úr alþjóðumhverfi og innan ólíkra starfsgreina. Síðastliðið ár starfaði Auður hjá Advania Data Centers, þar sem hún leiddi aðskilnað rekstrars gagnavera frá Advania Ísland. Á árunum 2011-2018 starfaði Auður hjá Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi, og var áður fjármálastjóri Geysis Green Energy, sem var með verkefnafélög og samstarfsverkefni víða um heim, og fjármálastjóri samstæðu AT Toolcentre Ltd. í Bretlandi. Hún er með MBA- og BSc.-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.



Inga Jóna Friðgeirsdóttir nýr fjármálastjóri Brims

Inga Jóna Friðgeirsdóttir hefur verið ráðin fjármálastjóri Brims og sest í framkvæmdastjórn félagsins. Inga Jóna hóf störf hjá HB Granda 2013 sem forstöðumaður fiskþurrkunar og síðar forstöðumaður viðskiptaþróunar. Áður starfaði hún sem framkvæmdastjóri Laugafisks og jafnframt sem framkvæmdastjóri hjá Brimi (nú Útgerðarfélag Reykjavíkur) frá 2007-2013. Inga Jóna útskrifaðist með BSc.-gráðu í alþjóðlegri markaðsfræði frá Tækniháskólanum árið 1998 en hafði áður lokið iðnrekstrarfræði frá sama skóla. Hún er með MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og diplóma af meistarastigi í jákvæðri sálfræði frá EHI.



Kristín Hrefna til Flow

Kristín Hrefna Halldórsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá sýndarveruleikafyrirtækinu Flow. Fyrirtækið framleiðir hugleiðsluhugbúnað fyrir sýndarveruleikagleraugu en von er á hugleiðsluhugbúnaði fyrir snjallsíma frá þeim í september. Kristín Hrefna er með MBA frá Háskóla Íslands og var í viðskiptaþróunarteymi Meniga í 5 ár en síðast var hún sérfræðingur í gagnagreiningu hjá Valitor. Á árunum 2007-2010 var Kristín Hrefna framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins.



FRÉTTABLAÐIÐ

Tilkynningar um nýtt fólk Atvinnublað Fréttablaðsins kemur út á laugardögum í viku hverri. Umsjónarmaður blaðsins er Hrannar Helgason. Blaðið birtir valdar greinar um ráðningu nýrra starfsmanna. Sendið tilkynningar ásamt mynd af viðkomandi á netfangið: nyttfolk@frettabladid.is

Mosfellsprestakall

50% starf kirkjuvarðar

Starf kirkjuvarðar Lágafellssóknar er laust til umsóknar frá 1.10.2019

Kirkjuvörður hefur umsjón með Mosfellskirkju og Lágafellskirkju. Sér um undirbúning og hefur Viðveru í helgihaldi og athöfnum. Sér um þrif á kirkju og önnur tilfallandi störf.

Við leitum að góðum einstaklingi sem er jákvæður, þjónustulipur og góður í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til og með 23. september.

Umsókn og ferilsskrá sendist á netfangið ida@lagafellskirkja.is

Persónulegur aðstoðarmaður óskast

Óska eftir aðstoðarfólki 23 ára eða eldri. Hreint sakavottorð og bílpróf eru skilyrði.

Ég er hreyfihamlaður og bý á Völlunum í Hafnarfirði. Ég þarfnast aðstoðar við athafnir daglegs lífs. Mikilvægt er að umsækjandi sé heiðaleg/ur, stundvís og líkamlega hraust/ur. Vinnutíminn er milli kl 6:30 – 8:30 fjóra morgna virka daga vikunnar.

Áhugasamir hafið samband í s: 895 8488 eða 483 1088 eftir kl. 17:00, eða á netfanginu sjam@simnet.is

job
Finnur draumastarfið saman


*Erum við
að leita að þér?*

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

AQ-ratByggingaverktakar
Þegar fagmennska skiptir þig máli**Smiðir óskast til starfa**

AQ-rat ehf byggingaverktakar leggja áherslu á að veita fyrirtækjum, húsfélögum og einstaklingum faglega og góða þjónustu, allt frá nýsmíði til viðhalds og endurbóta. Vegna aukinna verkefna leitum við af öflugum smiðum til að slást í hópinn með okkur og takast á við krefjandi verkefni.

Hæfniskröfur:

- Iðnmenntun í húsmíði
- Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð
- Líburð og hæfni í mannlegum samskiptum skilyrði
- Metnað til að skila af sér vel unnu verki

Umsóknir skulu sendast ásamt ferilskrá á runar@aqrat.is merkt „Smiður“

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rúnar í síma 892 0688

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnumarstöðum.

www.stra.is

**Til hvers að auglýsa ?**

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is

**LAUS STÖRF
HJÁ HAFNARFJARÐARBÆ****Fjölskyldu- og barnamálasvið**

- Deildarstjóri stoðþjónustu

Grunnskólar

- Aðstoðarverkefnastjóri - Setbergsskóli
- Frístundaleiðbeinandi - Áslandsskóli
- Frístundaleiðbeinandi í Holtasel - Hvaleyrarskóli
- Frístundaleiðbeinandi - Hraunvallaskóli
- Frístundaleiðbeinandi - Víðistaðaskóli
- Skólaliði - Hraunvallaskóli
- Stuðningsfulltrúi - Hraunvallaskóli
- Stuðningsfulltrúi - Áslandsskóli
- Stuðningsfulltrúi - Setbergsskóli

Leikskólar

- Deildarstjóri - Hraunvallaleikskóli
- Deildarstjóri - Skarðshlíðarleikskóli
- Leikskólakennari - Hlíðarberg
- Leikskólakennari - Hraunvallaleikskóli
- Leikskólakennari - Hvammur
- Leikskólakennari - Norðurberg
- Leikskólakennari - Skarðshlíðarleikskóli
- Leikskólakennari - Víðivellir
- Proskapjálfi - Víðivellir

Málefni fatlaðs fólks

- Starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk - skammtímadvöl
- Starfsmaður í búsetukjarna fyrir geðfatlaða
- Stuðningsfulltrúi í Klettinn – frístundaklúbbur
- Stuðningsfulltrúi í Vinaskjól - frístundaúrræði
- Proskapjálfi - heimili fyrir fatlað fólk

Vakin er athygli á stefnu Hafnarfjarðarbæjar að jafna hlutfall kynjanna í störfum hjá bænum og að vinnustaðir bæjarins endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Nánar á hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR 585 5500 hafnarfjordur.is



Vantar þig starfsfólk?

HAGVANGUR

hagvangur.is

ÚTBOÐ**FERÐAÞJÓNUSTA
FATLAÐRA Í KÓPAVOGI**

2020-2025

Kópavogsbær óskar eftir tilboðum í akstur með fatlaða einstaklinga búsetta í Kópavogi. Verkið felst í móttöku ferðabeiðna, skipulagningu ferða og akstri farþega milli áfangastaða á höfuðborgarsvæðinu. Útboð þetta er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Helstu magntölur eru:

- Fjöldi ferða: 75.000 ferðir á ári

Samningstími er 5 ár frá 1. júní 2020 með heimildarákvæði um framlengingu um 2 ár.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt og skulu þeir sem óska eftir útboðsgögnum fyrir verk þetta senda tölvupóst á netfangið utbod@kopavogur.is frá og með þriðjudeginum 10. september nk. Í tölvupósti skal koma fram nafn tengiliðar vegna útboðsins, símanúmer, netfang og nafn fyrirtækis.

Tilboð skulu hafa borist í þjónustuver Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1, 200 Kópavogur í lokuðu umslagi merkt „Ferðaþjónusta fatlaðra í Kópavogi 2020-2025“, fyrir kl. 11:00 þriðjudaginn 15. október 2019 og verða þau þá opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda sem þar mæta.



Kópavogsbær

kopavogur.is

job

Finnur draumastarfið saman

Hagþenkir

félag höfunda fræðirita og kennslugagna

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, auglýsir eftir umsóknum um þóknarir og ferða- og menntunargætur, síðari úthlutun.

Umsóknarfrestur rennur út föstudaginn 20. september kl. 16.

Þóknarir vegna ljósritunar, stafrænnar fjölföldunar o. fl.

Óskað er eftir umsóknum um þóknarir vegna ljósritunar og stafrænnar fjölföldunar úr fræðiritum og kennslugögnum í skólum og öðrum stofnunum hins opinbera 2017-2018.

Til úthlutunar eru allt að 5.000.000.- kr.

Þóknarir til réttihafa á fræðslu- og heimildarmyndum

Óskað er eftir umsóknum handritshöfunda, sem eru réttihafar á fræðslu- og heimildarmyndum og þáttum sem sýndir voru í sjónvarpi árin 2016-2018, um þóknarir sem Hagþenkir greiðir í framhaldi af gerðardómi um skiptingu tekna IHM, Innheimtumiðstöðvar gjalda, af geisladiskum, myndböndum og myndbandstækjum. Til úthlutunar eru allt að 1.500.000.- kr.

Ferða- og menntunargætur – fyrir félagsmenn Hagþenkis, síðari úthlutun

Óskað er eftir umsóknum um ferða- og menntunargætur Hagþenkis vegna síðari úthlutunar. Rétt til að sækja hafa þeir sem hafa verið félagar í Hagþenki í eitt ár og eru skuldlausir við félagið. Einungis er heimilt að sækja um vegna ferða sem hafa verið farnar. Umsækjendum senda umsókn og fylgiskjöl í gegnum heimasíðu Hagþenkis. Til úthlutunar eru allt að 2.000.000.- kr.

Allar nánari upplýsingar, úthlutunarreglur, rafræn umsóknar-eyðublað og eyðublað fyrir skilagreinar eru á heimasíðu félagsins: www.hagthenkir.is Umsækjendur fá rafræna staðfestingu, kennimark, um að umsókn hafi borist og það gildir sem kvittun.

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna / Þórunnartún 2, 2 hæð. Skrifstofa nr. 7, 105 Reykjavík / Sími 551-9599 / www.hagthenkir.is / hagthenkir@hagthenkir.is

Persónulegur aðstoðarmaður óskast

Óska eftir aðstoðarfólki 23 ára eða eldri. Hreint sakavottorð og bílpróf eru skilyrði.

Ég er hreyfihamaður og bý á Völlum í Hafnarfirði. Ég þarfnast aðstoðar við athafnir daglegs lífs. Mikilvægt er að umsækjandi sé heiðaleg/ur, stundvís og líkamlega hraust/ur. Vinnutíminn er milli kl 6:30 – 8:30 fjóra morgna virka daga vikunnar.

Áhugasamir hafið samband í s: 895 8488 eða 483 1088 eftir kl. 17:00, eða á netfanginu sjam@simnet.is



EMBASSY – HOUSING

The American Embassy, is seeking to lease a house/apartment in 101 Reykjavík as soon as possible. Required size is 160 – 300 square meters, large living room, 3 bedrooms, 2 full bathrooms, garage/inside parking and permission to keep pets.

Lease period is for minimum 3 years. Please send an e-mail to: sveinsson@state.gov before **September 13, 2019**, with information about the house and location (photos, street and house/apartment number) and phone number of the contact person showing the

SENDIRÁÐ – HÚSNÆÐI

Bandaríska Sendiráðið Óskar eftir að taka á leigu hús/íbúð í 101 Reykjavík eins fljótt og auðið er. Æskileg stærð 160 – 300 fermetrar, stór stofa, 2 baðherbergi með sturtu/baðkari, bílskúr/stæði í bílageymslu og leyfi til að hafa gæludýr.

Leigutími lágmark 3 ár. Vinsamlegast sendið tölvupóst á: sveinsson@state.gov fyrir **13. september** með upplýsingum um eignina og staðsetningu (ljósmyndir, götuheiti og húsnúmer/íbúðarnúmer) og símanúmer þess sem sýnir eignina.

Löggildingarnámskeið fyrir mannvirkjahönnuði

Námskeið fyrir mannvirkjahönnuði, sem óska löggildingar Mannvirkjastofnunar til að gera aðal- og séruppdrætti sbr. ákvæði 25. og 26. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, verður haldið í október - nóvember 2019 og verður námskeiðið í fjarkennslu. Opnað verður fyrir fyrirlestra mánudaginn 14. október og verða þeir opnir til 23. nóvember. Námskeiðinu lýkur með staðbundnu rafrænu prófi laugardaginn 23. nóvember 2019 (allar dagsetningar eru settar fram með fyrirvara um breytingar). Námskeiðsgjald er 95.000.- kr. og 60.000.- kr. fyrir þá sem sækja námskeiðið til endurmenntunar án prófs.

Umsókn fer fram á vef **IDUNNAR- fræðsluseturs** <https://www.idan.is/> ásamt fylgigögnum eigi síðar en **mánudaginn 7 október 2019**.

Fylgigöng eru:
1) **afrit af prófskírteini umsækjanda**
2) **vottorð frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti um réttindi til starfsheitis**
3) **vottorð/um 3 ára starfsreynslu, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga um mannvirki**

Nánari upplýsingar í síma 590 6434.



Mannvirkjastofnun | Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

job
Finnur draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**



Aflamark Byggðastofnunar – boð um samstarf á Bakkafirði

Byggðastofnun auglýsir eftir samstarfsaðilum um nýtingu á Aflamarki Byggðastofnunar á Bakkafirði í Langanesbyggð. Um er að ræða 150 þorsgildistonn vegna næstu fimm fiskveiðiaára, frá og með fiskveiðiarinu 2019/2020 að telja. Um úthlutun og ráðstöfun aflamarksins gilda ákvæði reglugerðar nr. 643/2016.

Nánari lýsingu á verkefninu er að finna á vef Byggðastofnunar www.byggdastofnun.is.

Umsóknir skal senda til Byggðastofnunar, á netfangið postur@byggdastofnun.is fyrir kl. 12:00 fimmtudaginn 26. september 2019.



BYGGÐASTOFNUN postur@byggdastofnun.is
Sími: 455 54 00 Fax: 455 54 99 byggdastofnun.is



Kynningarfundur og undirbúningsnámskeið vegna löggildingarprófa fyrir dómtúlka og skjalapýðendur 11. september 2019

Löggildingapróf fyrir dómtúlka og skjalapýðendur verður haldið, 10. og 11. febrúar 2020, að undangengnu kynningar- og undirbúningsnámskeiði á vegum Pýðingaseturs Háskóla Íslands.

Kynningarfundur fyrir þá sem hyggjast þreyta löggildingarpróf verður haldinn miðvikudaginn 11. september n.k. kl. 16. í húsnæði Háskóla Íslands að Neshaga 16. Umdirbúningsnámskeiðið fer fram frá kl. 10-16 föstudagana 13. september, 27. september, 11. október og 1. nóvember. Kennsla fer einnig fram á Neshaga 16, nema fjöldi kanditata verði meiri, stofa verður þá kynnt síðar. Próftökum er skylt að sækja undirbúningsnámskeiðið, nema þeir hafi þreytt prófin.

Umsóknir á eyðublaðum sem fást hjá Sýslumanninum í Vestmannaeyjum og á vefnum www.syslumenn.is skulu berast Sýslumanninum í Vestmannaeyjum, Heiðarvegi 15, 900 Vestmannaeyjum eða rafrænt á netfangið skjalathydendur@syslumenn.is í síðasta lagi 12. september.

Prófgjaldið 2018 fyrir þá sem voru að taka prófið í fyrsta sinn í báðar áttir var 296.000 kr. en 222.000 kr. fyrir þá sem tóku prófið aðeins í aðra áttina eða eru að endurtaka prófið. Prófgjald fyrir prófið 2020 verður tilkynnt á kynningarfundinum

Prófgjaldið skal greiddast inná reikning embættisins nr. 0582-26-2 kt. 490169-7339 í síðasta lagi þann 12. september og skal staðfesting á greiðslu fylgja umsóknum eða senda sérstaklega á ofangreint netfang. Námskeiðsgjald er innifalið í prófgjaldi.

Nánari upplýsingar veitir Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum í síma 458 2900 og á netfanginu skjalathydendur@syslumenn.is

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
6. september 2019



Útgáfa rekstrarleyfa til fiskeldis Arctic Sea Farm og Fjarðalax í Patreks- og Tálknafirði

Í samræmi við lög nr. 71/2008 um fiskeldi hefur Matvælastofnun gefið út rekstrarleyfi til fiskeldis fyrir Arctic Sea Farm og Fjarðalax í Patreks- og Tálknafirði. Heimil framleiðsla fyrirtækjanna tveggja eru 17.500 tonn af laxi, Fjarðalax með 10.700 tonn og Arctic Sea Farm með 6.800 tonn. Framkvæmd fyrirtækjanna fór í gegnum sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum í samræmi við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Ítarlegri upplýsingar um leyfisveitingarnar eru aðgengilegar á heimasíðu Matvælastofnunar: www.mast.is.

Auglýsing þessi er sett fram með vísan í 2. mgr. 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Heimilt er að kæra ákvörðun Matvælastofnunar vegna útgáfu leyfanna til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðindamála og er kærufrestur einn mánuður frá birtingu auglýsingar þessarar.

AKRANES - AKRALUNDUR 15 - 19

GLÆSILEG RAÐHÚS!



4
HÚS SELD
2
EFTIR



Frábært verð aðeins 42.700.000 kr.

OPIÐ
HÚS

- Seljandi er tilbúinn að skoða skipti og rúman greiðslufrest.
- Seljandi getur veitt seljandalán fyrir hluta kaupverðs.
- Húsin eru til afhendingar strax!

Nú er tækifærið til að eignast rúmgott sérbyli á einni hæð á mjög hagstæðu verðivaxtalækkun! - sumar og sól framundan.

- Húsin eru á einni hæð, stærð 183,6 fm. 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi.
- Þeim er skilað fullbúnum að utan og rúmlega fokheldum að innan, byggingarstig 4 skv. ÍST 51.
- Auk þess er búið að einangra útveggi og þak, leggja gólfhitalögn og fullklára húsin að utan.
- Til viðbótar við byggingarstig 4 eru útveggir og loft einangruð, rakarvarnarlag og lagnagrind sett á alla útveggi og loft.

- Húsin eru klædd að utan með Cembrit flísum.
- Bílskúrhurð er stálfellihurð með opnara.
- Á milli íbúðar og bílskúrs er eldvarnarhurð, aðrar hurðir og gluggar úr álklaðdu timbri.

Sunnudaginn 8. september

kl. 17:00 til 18:00

Snorri frá Valhöll verður á staðnum. Sími: 895 2115 snorri@valholl.is

Skoðun eftir pöntun.


Upplýsingar veittar á skrifstofu.

Hákon Svavarsson á Valfelli sími 898 9396. hakon@valfelli.is



Ingólfur Gissurarson, fasteignasali

VILTU BÚA Í BLÓMABÆNUM HVERAGERÐI?



Hveragerðisbær auglýsir lóðir til úthlutunar

Til úthlutunar eru eftirfarandi lóðir í fyrsta áfanga Kambalands í Hveragerði:

- 6 lóðir fyrir einbýlishús
- 3 lóðir fyrir þriggja íbúða raðhús
- 4 lóðir fyrir fjögurra íbúða raðhús

KAMBALAND



Kambaland er vestast í Hveragerði. Landinu hallar þar til suðurs og austurs og þaðan er víða mikið og fagurt útsýni.

Hveragerði er ört vaxandi sveitarfélag þar sem íbúar eru um 2.700. Höfuðborgarsvæðið er í um 30 mínútna akstursfjarlægð. Öll þjónusta í bæjarfélaginu er eins og best verður á kosið, glæsilegir leikskólar, metnaðarfullur grunn- og tónlistarskóli og framhaldsskóli innan seilingar. Íþrótt- og menningarlíf er í miklum blóma og umhverfi bæjarins gefur kost á fjölbreyttri útivist í einstöku umhverfi.

Einbýlishúsaloðum er úthlutað gegn gatnagerðargjaldi eingöngu en raðhúsaloðum er úthlutað með 30% byggingarréttargjaldi til viðbótar við gatnagerðargjaldið.

Við úthlutun verður farið eftir reglum Hveragerðisbæjar um úthlutun lóða. Fyrsta úthlutun fer fram þann 3. október og skulu umsóknir berast skipulagsfulltrúa/skrifstofu Hveragerðisbæjar fyrir þann tíma.

Nánari upplýsingar um lóðir, skilmála og umsóknareyðublöð er að finna á www.hveragerdi.is og hjá skipulagsfulltrúa í síma 483-4000 eða tölvupósti á gfb@hveragerdi.is



www.hveragerdi.is



STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK

FÉLAG
FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI



ÞORLÁKUR ÓMAR
EINARSSON
Frámkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali
GSM 820 2399



STEFÁN HRAFN
STEFÁNSSON
Sölustjóri. Hdl.
Löggiltur fasteignasali
GSM 895 2049



SARA MARÍA
KARLSDÓTTIR
Fjármálastjóri
GSM 697 5524



ERLÁ DRÖFN
MAGNÚSDÓTTIR
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149



MATTHILDUR SUNNA
ÞORLÁKSDÓTTIR
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 690 4966



ÓLAFUR H.
GUÐGEIRSSON
MBA Rekstrarhagfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 663 2508



KJARTAN ÍSAK
GUÐMUNDSSON
B.Sc. Viðskiptafræðingur
Nemi til lögg. fast.
GSM 663 4392



RAUÐALÆKUR 37 105 REYKJAVÍK

Frábærlega staðsett 121,7 fm. sérhæð á baklóð við Rauðalæk, opið grænt svæði við húsið. Þjartar stofur með gluggum til suðurs og vesturs og stórum svölum. Rúmgott eldhús með dyrum úr holi og stofu, fjögur svefnherbergi, þ.a. eitt herbergið stúkað af frá stofu og auðvelt að breyta aftur og stækka stofuna verulega. Samkvæmt eignaskiptasamningi fylgir réttur til að byggja bílskur, bílskursreiturinn er í dag nýttur sem einkabílastæði íbúðarinnar. Mjög áhugaverð eign á eftirsóttum stað.

NÁNARI UPPLÝSINGAR:

ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON
663 2508 - olafur@stakfell.is



TRADARLAND 16 108 REYKJAVÍK

Til sölu eða leigu, 257,4 fm. Einstakt og glæsilegt endurnýjað einbýlishús á einni hæð með inbyggðum bílskur á besta stað í Fossvogi. Húsið stendur innst í lokaðri götu. Falleg lóð sem snýr í suður. Húsið er staðsett í fjölskylduvænu og rótgrönu hverfi. Stutt í allar áttir. Getur verið til afhendingar fljótlega. Bókið skoðun.

NÁNARI UPPLÝSINGAR:

ÞORLÁKUR Ó. EINARSSON
820 2399 - thorlakur@stakfell.is

GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

Laugarásvegur 43 – 104 Reykjavík



Bókaðu skoðun

Trausti fasteignasala kynnir glæsilegt og virðulegt 321,3 fm einbýlishús á tveimur hæðum með fjórum inngöngum ásamt frístandandi bílskúr á einstaklega góðum og eftirsóttum stað við Laugardalinn í Reykjavík. Skjólgóður og gróinn garður. Aukaíbúð var útbúin á neðri hæð hússins með sérinngangi. Fimm svefnherbergi eru í húsinu, tvö eldhús og lagt fyrir 4 salernum.

Verð: 145 millj.

Kristján Baldursson
hdl., löggiltur fasteigna-,
fyrirtækja- og skipasali,
löggiltur leigumíðlari.
S: 867-3040



Guðbjörg G.
Sveinbjörnsdóttir
Sölustjóri/Viðskiptafr.,
lögg. fasteignasali,
leigumíðlari.
S: 899-5949



Trausti fasteignasala | trausti@trausti.is | s.546-5050 | Vegmúla 4 | 108 Reykjavík



HÖFN
Fasteignasala

Ólafur Gísli Sveinbjörnsson
löggiltur fasteignasali
